

Ed.

**335. Frumvarp til laga**

[172. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Albert Guðmundsson.

**1. gr.**

Við 40. gr. laganna bætist 5. málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ítrustu varúð við akstur frá biðstöð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hafa verið umræður um það víða um lönd hvort veita beri almenningsvögnum forgang við akstur af biðstöðvum út í umferð. Þannig var þetta mál rætt á ráðstefnu, sem haldin var á vegum Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg í október 1968. Í ályktun ráðstefnunnar er mælt með því við aðildarlöndin, að þau taki upp í löggjöf sína ákvæði um þetta efni. Á ráðherrafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var í Genf á árinu 1971, var þetta mál einnig rætt og afgreitt á svipadán hátt og á Vínarráðstefnunni. Norræna umferðalaganefndin, sem vinnur að samræmingu á umferðarlögum, hefur gert tillögu um forgang almenningsvagna í samræmi við samþykkt áður nefnds Vínarfundar.

Framangreindar samþykktir leiddu til þess, að ákvæði um forgang almenningsvagna frá biðstöðvum hafa verið lögleidd í ýmsum löndum. Á Norðurlöndum hafa þannig Svíþjóð, Danmörk og Noregur lögtekið ákvæði um þetta efni. Um Finnland er ekki vitað.

Hér á landi hafa þessi mál verið til umræðu hin síðari ár, m. a. á nokkrum fundum stjórnar SVR og umferðarnefndar Reykjavíkur. Hefur þar komið fram það álit Strætisvagna Reykjavíkur, að forgangur til handa almenningsvögnum muni flýta fyrir ferðum vagnanna og auðvelda þeim þannig að standast tímaáætlun. Er það álit ekki vefengt, enda þótt vitað sé, að margir ökumenn láti almenningsvögnum í té forgang þegar ekið er frá biðstöð, án þess að um lagaskyldu sé að ræða.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 21. júní 1973 var þetta mál á dagskrá, og á þeim fundi samþykkti borgarstjórn svo hljóðandi tillögu:

„Borgarstjórn felur umferðarnefnd og borgarráði að heita sér fyrir þeirri breytingu á umferðarlögum, að almenningsvögnum verði veittur forgangur við akstur af viðkomustöðum þeirra út í umferð.“

Umferðarnefnd mælir með því, að sú breyting, sem hér um ræðir, verði gerð á umferðarlögunum.